

## AUGLÝSING

### um óverulega breytingu á deiliskipulagi Bátavara í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 15. maí 2002 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi Bátavara í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi.

Óverulega breytingin felst í að byggingareitum er breytt og bátaskýlum fjölga um þrjú. Einnig breytist aðkoma að frístundahúsi nr. 1 sem færð er inn á deiliskipulagsupprátt.

Hreppsnefnd tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Grund, 25. júní 2002.*

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

**Davíð Pétursson** oddviti.